



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um framkvæmdir utanhúss við Ráðhúsið.

Á fundi borgarráðs 5. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvaða framkvæmdir standa yfir utanhúss við Ráðhúsið? Hvaða aðilar eru að vinna verkið? Var verkið boðið út? Er talið að verið sé að vinna verkið á réttum árstíma? Hvenær eru áætluð verklok? Hvaða skrifstofa borgarinnar ber ábyrgð á verkinu?“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Verið er að þrifa húsið að utan en það þarf að gera reglulega en húsið er ekki málað. Eftir þvott er borið á efni sem ver steypuna og hrindir frá sér vatni og óhreininum. All Remove A/S sjá um þvott og áburð og Verkpallar ehf sjá um verkpalla.

Verkið var ekki boðið út enda áætluð fjárhæð verksins undir viðmiðunarfjárhæð innkaupareglna. Verkið er hægt að vinna allt árið utan hörðustu vetrarmánuðina en fyrri hluta verksins lýkur í byrjun nóvember og áætlað er að seinni áfangi hefjist í apríl og ljúki í maí.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og skrifstofa framkvæmda og viðhalds sjá um verkumsjón fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Óli Jón Hertervig